

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margar umsóknir bárust um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað við:
 - a. nýbyggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga,
 - b. viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis,
 - c. nýbyggingu húsnæðis í eigu sveitarfélaga,
 - d. viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga, vegna áraanna 2009 og 2010?
2. Hver er heildarfjárhæð endurgreiðslna samkvæmt framangreindri skiptingu og eftir gömlu skattumdæmunum eða annarri skiptingu sem gefur vísbendingu um dreifingu endurgreiðslna á milli landshluta?
3. Hver var fjöldi umsókna og heildarfjárhæð endurgreiðslna virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað á árunum 2007 og 2008?
4. Hversu mörg störf má ætla að átakið „Allir vinna“ hafi skapað á árunum 2009 og 2010?

Skriflegt svar óskast.